

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis

Ársskýrsla 2019



apríl 2020

Anton Helgason, heilbrigðisfulltrúi

Efnisyfirlit

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2019	3
Kostnaður við heilbrigðiseftirlit	7
Eftirlitsferðir 2019	10
Hollustuhættir	15
Mengunareftirlit og umhverfismál.....	17
Matvælaeftirlit	21
Lokaorð	23

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2019

Starfsskýrslan er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits en jafnframt samantekt um starfið á árinu. Í ár verður sá háttur hafður á að senda starfsskýrsluna einungis á rafrænu formi til sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Einnig verður skýrslan aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins www.hevf.is

Stjórnsýsluleg staða

Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði“. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er kosin á Fjórðungspingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis nær yfir Vestfjarðakjálkann, skorinn frá um botn Gilsfjarðar og þvert yfir í Bitruna á Ströndum. Svæðisskiptingu landsins má sjá hér að neðan og á heimasíðu samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, www.shi.is.

Skipulag heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga



Heilbrigðisnefnd

Í heilbrigðisnefnd eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor til viðbótar í nefndina. Heilbrigðisnefnd var kosin á 3. haustþingi Fjórðungsambands Vestfirðinga sem haldið var 5. - 6. október 2018 á Ísafirði.

Heilbrigðisnefnd

Jón Reynir Sigurvinsson, formaður

Kristján G. Jóakimsson

Sólrún Geirsdóttir

Jón Hörður Elíasson

Eva Dögg Jóhannesdóttir

Fulltrúi atvinnurekenda

Einar Valur Kristjánsson

Varamenn

Hjalti Karlsson

Hildur Halldórsdóttir

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Ingibjörg Kristjánsdóttir

María Ósk Óskarsdóttir

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Fundir heilbrigðisnefndar 2019

Heilbrigðisnefnd fundaði 6 sinnum á árinu 2019. Helstu mál á fundum heilbrigðisnefndar voru:

- Þann **7. febrúar** var fjallað um ársreikning 2018 og um samning við Umhverfistofnun um vöktun forgangsefna í Pollinum á Ísafirði.
- Þann **16. maí** var fjallað um starfsskýrslu ársins 2018
- Þann **12. september** voru kynnt verkefni sumarsins. Greinargerð heilbrigðisfulltrúa um leyfisveitingar kynnt.
- **31. október** var fundað um fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Kynnt breyting á lögum nr. 7/1998 og skráningarreglugerð sem tekur gildi 1. júlí 2020.
- **5. desember** var fjallað um viðbrögð við fjárhagsáætlun, jafnframt var rætt um Garðstaði í Súðavíkurbreppi.
- **11. desember** var fjallað um Garðstaði og svör við fyrirspurnum Hafliða Halldórssonar frá Ögri.

Tafla 1. Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum

Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum						
	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Fjöldi funda	6	5	5	6	5	4
Starfsleyfi	47	36	55	63	47	37
Tímbundin starfsleyfi	3	3	1	3	3	4
Brennuleyfi	19	27	21	25	25	20
Tóbakssöluleyfi	5	3	13	9	3	3
Undanþágur vegna sölu á tóbaki	1	13	8	8	5	18
Umsagnir umtækifærisleyfi	35	41	36	29	33	39
Umsagnir um rekstrarleyfi	24	36	30	64		
Umsagnir um skipulagsmál	24	29	29	20	30	13
Áminningar	24	13	9		4	23

Heilbrigðisfulltrúar, í umboði heilbrigðisnefnda, hafa það starf að framfylgja ákvæðum laganna um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli ásamt öllum reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heilbrigðisfulltrúar sinna öllu daglegu heilbrigðiseftirliti á svæðum nefndanna, afgreiða mál og umsagnir í umboði þeirra með fyrirvara um samþykki nefndarinnar. Milli funda er unnið í samráði við formann heilbrigðisnefndar.

Hlutverk

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Tilgangur matvælalaga er að tryggja sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið vinnur í almannabágu að því m.a. að tryggja heilnæmi umhverfis og öryggi matvæla. Þetta er gert með reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum og í samvinnu við stjórnvöld og íbúa.

Tafla 2. Íbúafjöldi á starfssvæðinu.

Íbúar sveitarfélaga 1. janúar 2020	
Ísafjarðarbær	3809
Vesturbyggð	1021
Bolungarvík	955
Strandabyggð	457
Reykholahreppur	262
Tálknafjarðarhreppur	251
Súðavíkurhreppur	208
Kaldrananeshreppur	109
Árneshreppur	43

Þann 1. janúar 2020 voru 7.115 íbúar á Vestfjörðum í 9 sveitarfélögum.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Eftirlitinu er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir rekstri embættisins og ber að gæta hagkvæmni í rekstri þess og tryggja að kostnaður sé innan fjárheimilda. Heilbrigðiseftirlit sinnir fyrst og fremst reglubundnu eftirliti við að framfylgja sértækum lögum og reglugerðum á sviði heilbrigðis-, matvæla- og umhverfismála. Það veitir starfsleyfi til fyrirtækja sem starfa á þessu sviði, sinnir kvörtunum og annast umhverfismálum. Aðaláhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, eftirlitsferðir, fræðslu og samráð við aðra eftirlitsaðila og fyrirtæki. Í meginráttum skiptist eftirlitið í þrjú flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit. Megnið af starfseminni felst í reglubundnu eftirliti þar sem fyrirtæki eru heimsótt og gerðar eru athugasemdir við það sem ekki er í lagi. Athugasemdum eða kröfum um úrbætur er komið á framfæri við viðkomandi aðila í viðtölum og eftirlitsskýrslur eru sendar með tölvupósti úr eftirlitskerfi. Ef ítrekuðum kröfum er ekki sinnt á viðunandi hátt er málið lagt fyrir heilbrigðisnefnd til meðferðar og heilbrigðisfulltrúi sér síðan um að úrskurði nefndarinnar sé

framfylgt. Þannig eru mál einstakra fyrirtækja ekki tekin fyrir í heilbrigðisnefnd nema um sé að ræða vafaatriði eða ef eftirlitsþoli sinnir ekki úrbótum.

Tveir starfsmenn starfa hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í fullu starfi. Anton Helgason framkvæmdastjóri og Hlynur Reynisson staðgengill framkvæmdastjóra. Báðir eru með líffræði menntun og hafa auk þess réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar.

Kostnaður við heilbrigðiseftirlit


Tekjur sveitarfélaga vegna eftirlitsgjalda eru ekki skattstofn heldur þjónustugjald og því er óheimilt að taka hærra gjald en sem nemur eðlilegum og nauðsynlegum kostnaði við viðkomandi þjónustu. Einungis má innheimta eftirlitsgjöld fari eftirlit fram. Þess ber að geta að tíðni eftirlits er mjög mismunandi eftir fyrirtækjaflokkum. Þannig er töluvert af fyrirtækjum sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Í gjaldskrá eftirlitsins er gert ráð fyrir árlegu eftirlitsgjaldi og er kostnaði við hverja heimsókn deilt niður á fjögur ár hjá þeim sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Á það skalt bent að fyrirtæki og stofnanir eru ekki jafnt dreifð á sveitarfélögin. Þjónustugjöldin eru því fyrst dregin frá heildarkostnaði áður en kostnaðinum er skipt á sveitarfélögin. Fámenn sveitarfélög, þar sem þjónusta við ferðamenn er mikil s.s. sundlaugar og hótél sem þurfa mikið eftirlit, eru því með hátt gjald í gjaldskrá, og þar er því hlutfallslegur heildarkostnaður meiri á hvern íbúa.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ársreikningur 2019


Heilbrigðisnefnd Vestfjarða fjallaði um og samþykkti þann 27. febrúar 2020 endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2019. Heildar rekstrarkostnaður var kr. 42.570.285 af því eru laun og launatengd gjöld 74%.




Kostnaður við eftirlitið er greiddur með eftirlitsgjöldum, þjónustutekjum, leyfisgjöldum og framlögum sveitarfélaga. Eftirlitsgjöld árið 2019 voru kr 28.724.015. Leyfisgjöld stóðu undir 5% af rekstrarkostnaði.



619 fyrirtæki voru starfandi á Vestfjörðum á árinu 2019. Fyrirtæki eru flokkuð eftir þeirri löggjöf sem um þau gildir. Ef megin starfsemi er látin ráða flokkun eru 201 fyrirtæki sem fá eftirlit samkvæmt mengunarvarnarreglugerðum, 115 flokkast sem matvælafyrirtæki og 303 fyrirtæki flokkast með eftirlit skv. hollustuháttareglugerð. Flest fyrirtæki fá eftirlit vegna fleiri en einnar reglugerðar. Fyrirtæki þurfa eftirlit samkvæmt mismunandi löggjöf, það að skipta eftirliti milli tveggja stofnana einfaldar ekki eftirlitið. Flokkun fyrirtækja er umdeilanleg og byggir á mati heilbrigðiseftirlits um hvað er meginstarfsemi. Fyrirtæki fá eitt starfsleyfi fyrir alla starfsemi sína og viðkomandi stað. Skipting eftirlitsgjalda eftir því hver er megin starfsemin sést hér á kökuriti.



Skoðun á eftirlitsgjöldum eftir flokkum leiðir í ljós að hollustuháttaeftirlit er stærsti flokkurinn eða 41% en matvæli eru 37%. Einungis fimm fyrirtæki flokkast eingöngu sem matvælafyrirtæki.



Umtalsverður hluti eftirlitsgjalds kemur frá fyrirtækjum og stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka eða 46% af eftirlitsgjöldum. Bein framlög sveitarfélaga eru 20% af heildar rekstrarkostnaði, einnig er megnið af þjónustuverkefnum (8%) unnin fyrir einstaka sveitarfélög.

Stefna stjórnvalda er að fækka þeim fyrirtækjum sem þurfa starfsleyfi til að hefja rekstur. Það er gert með því að breyta um nafn á skráningunni, þ.e. gera starfsemina skráningarskylda en ekki starfsleyfisskylda. Slíkt breytir þó engu um þá vinnu sem þarf að fara í við útgáfu eða staðfestingu. Það þarf að kanna hvort starfsemi samrýmist skipulagi, hver er skráður eigandi fasteignar, kröfur um búnað sem þarf að vera til staðar, nafn, kennitala fyrirtækis og ábyrgðamanns og hvernig hægt er að hafa upp á viðkomandi ef eitthvað kemur upp á. Þetta er sama vinnan hvort sem lokaafurðin heitir starfsleyfi eða skráning.



Eftirlitsferðir 2019

Á árinu var eftirlit skráð í Filemaker gagnagrunnskerfi sem á að einfalda samræmingu og auka skilvirkni í eftirliti en enn vantar töluvert upp á skráningu en unnið er að úrbótaverkefnum varðandi skráningar í Filemaker. Seinni hluta ársins var eftirlitskerfi Matvælastofnunar, Ísleyfur einnig sett upp. Gert er ráð fyrir að allt eftirlit verði skráð í samræmdan Filemaker grunn. Reiknað var með að flytja matvælahlutann yfir í Ísleyf í lok árs til að uppfylla lagaskyldu, en það markmið náðist ekki. Sundurgreining á frávikum leiddi í ljós að skv. skráningum í Filemaker voru skráðar 255 eftirlitsferðir og 67 frávik skráð. Frávikin eru 2 vegna matvælafyrirtækja, 29 vegna hollustuháttafyrirtækja og 20 vegna blandaðra fyrirtækja. Neysluvatn er kannað hjá þeim sem bjóða upp á þjónustu í dreifbýli. Þessi staðir eru skráðir í eftirlitskerfi vegna hollustuhátta en ef neysluvatn er ekki í lagi er skáð frávik með vísan í matvælalög. Að auki voru tekin 350 sýni, þar af 304 af neysluvatni. Unnið er samkvæmt eftirlitsáætlun en þar sem heiðar lokuðu óvenju snemma, stóðst hún ekki. Einnig var óvenju mikið um endurteknar sýnatökur.

Fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvælum eiga flest að fá eftirlitsheimsókn einu sinni á ári. Fyrirtæki sem falla undir Hollustuháttareglugerð og fyrirtæki með mengandi starfsemi eru oft með heimsóknartíðni annað hvert ár og stór hluti er með heimsóknartíðni þriðja hvert ár.

Höfuðáhersla er lögð á að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem selja eða dreifa matvælum til almennings og á Vestfjarðasvæðinu hefur verið lögð mikil áhersla á neysluvatnsmál. Einnig var haft eftirlit með sund- og baðstöðum þar sem m.a. var verið að kanna tilvist *pseudomonas* gerla. Sérstakt átak var í eftirliti með gáma- og söfnunarsvæðum sveitarfélaga.



619 fyrirtæki voru á starfssvæði eftirlitsins á árinu 2019 án tillits til mismunandi starfsemi fyrirtækja. Fyrirtæki fá oft matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit og umhverfiseftirlit í sömu ferð. Til dæmis við eftirlit í hótél sem ekki er í þéttbýli, þá er matvælaeftirlit með vatnsbóli og veitingasölu, hollustuháttaeftirlit með veitingasal, gistiherbergjum og starfsmannaaðstöðu og umhverfiseftirlit með rotþró og meðhöndlun úrgangs.

Starfsemi sem er eftirlitsskyld vegna hollustuhátta eða mengunarvarna er með vísan í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Matvælafyrirtæki eru undir eftirliti með vísan í lög um matvæli nr 93/1995.



Handklæði á opinberum stöðum, er hættuleg smitleið því er alltaf gerð athugasemd ef slíkt sést. Bent er á að hægt er að nota handklúta sem þvo má eftir hverja notkun ef fólk er illa við bréfpurrkur af einhverjum ástæðum.

Niðurstöður sýnatöku

Til að kanna örverufræðilegt ástand matvæla tekur heilbrigðiseftirlitið sýni af neysluvörum og neysluvatni. Tíðni sýnatöku af neysluvatni er bundin í reglugerð. Þannig er mánaðarlega tekið vatnssýni á Ísafirði og í Bolungarvík. Hjá vatnsveitum annarra þéttbýlisstaða eru tekin sýni ársfjórðungslega en hjá einkavatsveitum er miðað við eitt vatnssýni á ári. Sýni af matvælum og vatni eru tekin til að kanna ástand þeirrar vöru sem er á boðstólum. Sýni eru send til bakteríuræktunar hjá rannsóknarstofu Matís ohf. Við ræktun er vanalega verið að rækta fram vísibakteríur, þ.e. kólí og saurkólí, en tilvist þeirra gefur til kynna óþrifnað eða mengun af sauruppruna. Ef þessar bakteríur finnast er talið að líkur séu á að aðrar og hættulegri sjúkdómsvaldandi bakteríur geti verið til staðar. Sýnin eru metin eftir ákveðnum stöðlum sem eru mismunandi eftir vörutegundum.



Tafla 3. Niðurstöður sýnatöku 2019

Niðurstöður sýnatöku 2019				
	Fjöldi sýna	Stenst	ekki	
Neysluvatn	301	233	68	Skv. reglugerð 536/2001
Heildarefnagreining á neysluvatni	3	3		Skv. reglugerð 536/2001
Matvælasýni	9			Ekki metið
Sundlaugar	27	20	7	skv. reglugerð 814/2010
Fiskvinnsalur ís	3			Skv. reglugerð 536/2001
Strandsjór	4			Ekki metið
Sigvatn	3			Ekki metið

Á árinu 2019 voru tekin 350 sýni, af þeim voru 75 sem ekki stóðust kröfur. Tekið var sigvatnsýni frá einum urðunarstað. Auk þess voru tekin sýni fyrir Umhverfisstofnun mánaðarlega úr Pollinum á Ísafirði til að kanna tilvist 100 hættulegra efna. Þeirri sýnatöku var hætt þar sem ekki mældist nein hættuleg efni í Pollinum.

Tekin voru 301 sýni af neysluvatni en þrjár vatnsveitur þéttbýlisstaða lentu í vandræðum með neysluvatn á árinu. Í júní var eitt sýni frá Drangnesi sem stóðst ekki kröfur, en ekkert fannst við endurtekna sýnatöku (1 af 7 sýnum). Í Bolungarvík voru 8 sýni sem stóðust ekki kröfur þ.a. voru 3 tekin í fiskvinnslu, 3 sem tekin voru vegna úttektar og 2 á Aðalstræti 12, mengun kom ekki fram við endurteknar sýnatökur. Bolungarvík er með hreinsistöð og geislun, þar gruggast yfirborðsvatn mikið í leysingum og þá ráða síur og geislunartæki ekki við. Síðasta sumar var boraður fjöldi hola í leit að neysluvatni. Neysluvatn fannst og verður það tengt inn á kerfið fljótlega. Í mars kom fram mengun í einu sýni frá Reykhólum en ekkert kom fram við endurtekningu. Í september kom aftur fram mengun, íbúar voru hvattir til að sjóða allt neysluvatn, en þetta ástand varði fram í desember. Brugðist var við með því að setja upp geislunartæki á þá staði þar sem viðkvæmustu hóparnir komu saman en það er á Hjúkrunarheimilinu Barmahlíð og í Grunnskólanum, gerð var leit að mengun í lindarbrunnum og einn brunnur tekinn úr notkun. Huga þarf að endurbótum á vatnsveitu þar næsta sumar. Tekin voru 25 sýni og af þeim voru 16 ekki í lagi. Að auki voru sýni tekin bæði þar sem verið var að leita að vatni og úttekt á vatnsbólum en þau sýni flokkast sér.

Gæði neysluvatns er ekki einkamál vatnsveitna. Neytandinn skal upplýstur um gæði vatnsins svo hann geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann neyti vatnsins eða noti það yfirleitt. Þar sem ekki er tekið tillit til endurteknar sýnatöku, eru tölur því ekki í samræmi við fjölda sýnatökustaða. Á þeim stöðum sem ekki stóðust kröfur í dreifbýli hefur verið brugðist við. Ágætis fræðsluefni er til um litlar vatnsveitur á vef Matvælastofnunar.

<http://www.mast.is/Uploads/document/itarefni/Baklingur%20litlar%20vatnsveitur.pdf>.

Þar er að finna fræðsluefni um frágang vatnsbóla í dreifbýli. Í stað þess að bæta vatnsbólin hafa því miður frekar verið sett upp geislunartæki í þeim tilgangi að ná fram auknum gæðum og til að ná fram þessum sömu markmiðum. Perur í geislunartækjum endast í takmarkaðan tíma, tækin eru bilanagjörn og það þarf að vera kveikt á þeim svo þau virki. Vatnsveitur eru mikilvægustu matvælafyrirtæki hvers byggðarlags og undirstaða þess að hægt sé að starfrækja önnur matvælafyrirtæki. Vatnsveitur eru eftirlits- og starfsleyfisskyldar og ef þær þjóna fleirum en 50 íbúum eða 20 heimilum/sumarbústöðum eða matvælafyrirtækjum þurfa þær að uppfylla reglugerð um neysluvatn sem byggir á Evróputilskipun um gæði. Vatnsveitan er ábyrg fyrir heilnæmi neystuvatns.

Sýni úr sundlaugum, heitum pottum og baðstöðum voru 27, en af þeim voru 7 sem ekki stóðust kröfur. Þrjár sundlaugar þ.e Krossneslaug, Drangneslaug og sundlaugin á Laugarnesi, heitur pottur á Suðureyri, Drangnesi, Laugarnesi og Bylta á Bíldudal. Þeir sund- og baðstaðir sem stóðust ekki kröfur fengu fyrirmæli um að bæta klórskömmtun. Flokka þarf sundlaugar upp á nýtt í sundlaugar og afþreyingarlaugar. Sundlaugar og baðstaðir falla undir tvær reglugerðir þ.e. nr 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Baðstöðum í náttúrunni er nú hægt að skipta í tvennt þar sem gegnumstreymislaugar með lítilli aðsókn geta flokkast sem afþreyingarlaugar.

Hollustuhættir

Hér er um að ræða eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Þeir staðir sem flokkast undir almennt heilbrigðiseftirlit eru t.d. baðstaðir, íþróttahús, skólar og leikskólar, gististaðir, hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, nudd- og snyrtistofur og íbúðarhúsnæði. Árlega standa Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum og í ár var lögð áhersla á gæði baðvatns og öryggi á sundstöðum.

Umhverfisstofnun heldur utan um samvinnu vettvang milli stofnunarinnar og heilbrigðiseftirlitssvæða í vinnuhópi um hollustuhætti. Í hópnum hafa verið unnin starfsleyfisskilyrði og leiðbeiningar í málaflokknum og á ýmsan hátt unnið að samræmingu og nýjungum í eftirliti. Haldnir eru um 7 fundir í hópnum á ári hverju, sem fara í gegnum fjarfundabúnað en auk þess er haldinn einn fundur þar sem allir meðlimir koma saman á ákveðnu heilbrigðiseftirlitssvæði og farið í vettvangsferðir. Á árinu var unnið við gerð áhættumats fyrir fyrirtæki á hollustuháttasviði og við endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti.

Raki og mygla

Heilbrigðiseftirlitið fær allnokkrar fyrirspurnir varðandi raka og myglu í íbúðarhúsnæði og má eflaust rekja það til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Við bendum fólki á að þar sem finnst sveppur þarf að lagfæra leka, þurrka raka og auka loftun t.d. með því að opna glugga. Síðan bendum við á að raka og myglu þarf að þrifa með sápu. Ef um skemmdir vegna raka er að ræða þarf að skipta út skemmdu efni, þrifa upp með sveppadrepani efni og mála síðan yfir. Það þarf að fara varlega í upphafi við þrif, þ.e. væta mygluna í byrjun þannig að minna fjúki upp í loftið af gróum og henda tuskum að notkun lokinni. Þurrka þarf síðan ryk af öllu í íbúðinni eftir að búið er að hreinsa út. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru ágætar leiðbeiningar um raka og myglu.

<http://ust.is/einstaklingar/graenn-lifsstill/heimilid/raki-og-mygla/>

Sund og baðstaðir

Árið 2010 kom út ný reglugerð nr. 814/2010 um sundlaugar og tekur hún á þeim þáttum sem snúa að öryggi gesta, það er gæslu, búnaði og síðast en ekki síst heilnæmi baðvatns. Aldrei má gleyma því ábyrgðarhlutverki sem felst í laugargæslu, en skv. reglugerðinni þurfa t.a.m. ávallt að vera 2 starfsmenn á vakt en hægt er að sækja um undanþágu frá því ákvæði. Þjálfun starfsfólks skiptir gríðarlegu máli og hafa miklar framfarir orðið meðal rekstraraðila sundlauga þegar kemur að þjálfun og hafa langflestar laugar á svæðinu sent alla sína starfsmenn í hæfnispróf. Annað mikilvægt atriði við rekstur sundlauga er heilnæmi baðvatns, en með aukinni aðsókn eykst álag á hreinsivirki sundlauga. Því er mikilvægt að klórstyrkur baðvatns sé mældur 2svar á dag að lágmarki og styrkur hans sé ávallt á því bili sem kveðið er á um í reglugerðinni. Sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir, geta borist með baðvatni en þeir algengustu eru sýkingar í slímhimnum (augum, eyrum, hálsi og nefi), sárum og rispum á húð. Eftirlitsverkefni hollustuháttahóps var gæði baðvatns og öryggi á sundstöðum. Tekin voru sýni úr flestum laugum á svæðinu og sundlaugar heimsóttar. Von er á skýrslu vegna verkefnisins.



Árið 2015 kom út reglugerð nr. 460/2015 sem tekur á baðstöðum í náttúrunni. Markmið hennar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Til að laug flokkist sem náttúrulega þarf laugin og bakki hennar að vera mynduð frá náttúrunnar hendi. Náttúrulegar flokkast í 3 flokka og eru 2 fyrstu þeir staðir þar sem rekstur er annaðhvort reglubundinn eða tilfallandi. Þeir flokkar eru starfsleyfisskyldir hjá okkur. Til að gæta öryggis á þeim stöðum þarf að liggja fyrir neyðaráætlun, viðbragðsáætlun, öryggisbúnaður og þjálfun starfsfólks. Taka skal 10 sýni á ári úr laug í flokki 1 en 2 sýni á ári úr laug í flokki 2. Mörk saurkólí baktería eru töluvert rýmri en miðað hefur verið við í reglugerð um fráveitur og skólp. Aftur á móti má ekki vera til staðar *p.aeruginosa* baktería en sú baktería er tiltölulega algeng í þeim sýnum sem við höfum verið að taka. Á allra síðustu dögum kom út breyting á þessari reglugerð þar sem svokölluðum afþreyingarlaugum er bætt inn í þessa reglugerð og verður því loksins hægt að flokka þær laugar sem ekki hafa verið skilgreindar sem náttúrulegar. Þess ber að geta að afþreyingarlaugar flokkast allar í 1. eða 2. flokk og eru því starfsleyfisskyldar og gerð krafa um annaðhvort 10 eða 2 sýni á ári. Heilbrigðisnefnd getur heimilað eða fyrirskipað sótthreinsun, til að draga úr gróðurmyndun og fyrirskipað sótthreinsuná vatni hafi gerlafjöldi mælst endurtekið yfir hámarksgildum.

Sé rekstur náttúrulegs baðstaðar framseldur frá ábyrgðaraðila, s.s. frá landeiganda til ferðabjónustuaðila, skal fylgja starfsleyfisumsókn samningur sem kveður á um ábyrgð hvors aðila um sig gagnvart rekstrinum og ákvæðum sem um hann gilda í reglugerðum og starfsleyfi. Rekstraraðili náttúrulegra baðstaða í 1. og 2. flokki skal bera kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga. Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd

sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til öryggis baðgesta. Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir eina náttúrulega, Laugarhól.

Mengunareftirlit og umhverfismál

Samkvæmt reglugerð nr. 559/2018 er markmið að búa landsmönnum heilnæm lífskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Umhverfisgæðahópur er samstarfshópur allra 10 eftirlitssvæðanna og Umhverfisstofnunar en hópurinn hittist á 7 fundum árið 2019. Unnið var við að áhættumeta öll fyrirtæki sem falla undir mengunarvarnar reglugerð.



Á Ísafirði voru grafnar tilraunaholur, á því svæði þar sem olíubirgðastöðvarnar stóðu, á vegum Olíudreifingar til að kanna hvernig niðurbrot á olímengun í jarðvegi gengur. Töluverð lykt og mengun finnst enn.

Númerslausir bílar og bílhrae



Birt hefur verið samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða, nr. 910/2015 fyrir Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp, Árneshrepp, Reykhólahrepp, Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggð.

- <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=7206a70b-f777-4d74-b4b0-311ddffe425f>
- Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.
- Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.
- Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.
- Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.
- Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

Bílaálímingar 2019

	Fjöldi bíla	
Vesturbyggð 23. apríl	17	Skv. reglugerð 737/2003 og
Flateyri, Suðureyri, Þingeyri, Hnífsdalur 29. maí	38	Skv. reglugerð 941/2002
Ísafjörður, Holtahverfi, Eyrin 13. júlí	6	
Ísafjörður 28. ágúst og 16. september	13	
Hólmavík 26. maí og 27. september	58	
Bolungarvík 18. september	13	
Samtals tilkynningar	145	

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr, enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst þær út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá, veðhöfum og tryggingarfélagi (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

Númerslausir bílar og bílhræ og járnadót er það sem helst er lýti á umhverfi sveitarfélaga. Ef þetta er látið óátalið þá safnast þeir upp.

Ef við skoðum fjöldann þá sést að í þeim sveitarfélögum þar sem reglulega hefur verið amast við númerslausum bílum og bílhræum þ.e. Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Vesturbyggð þá eru þetta tiltölulega fáir bílar en fjöldinn á Hólmavík þar sem ekki hefur verið límt á áður, var verulegur.

Sama verklag hefur verið viðhaft hjá heilbrigðisnefndum varðandi númerslausra bíla. og verið ítrekað prófað af úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála. Nú hefur Umboðsmaður Alþingis blandað sér í málið og veitt álit sitt á þessari framkvæmd vegna númerslauss bíls á Suðurnesjum. Álit Umboðsmanns Alþingis segir að álíming miða sé ekki fullnægjandi tilkynning, ekki í samræmi við 10. og 14. grein stjórnarsýslulaga nr 37/1993. Þar af leiðir er sá hluti 16. gr. reglugerðar um úrgang nr. 737/2003 sem fjallar um númerslausa bíla marklaus.

Það að hafa upp á eiganda hefur verið gert áður en bíl er fargað. Þetta er mjög tímafrek vinna, heilbrigðiseftirlitin hafa ekki mótað nýjar vinnureglur á grundvelli þessa álits, og væntanlega þarf ráðuneytið að uppfæra nokkrar reglugerðir.

Starfsleyfi vegna fráveitu

Mikilvægt er að fráveitur sveitarfélaga séu með formleg starfsleyfi, en ef þau geta ekki uppfyllt kröfur í reglugerðum þá þarf að sækja um undanþágur hjá ráðuneyti. Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli. Frá Umhverfisstofnun hefur sú túlkun fengist að starfsleyfi skuli gefa út þótt fráveitan hafi ekki uppfyllt kröfur fráveitureglugerðar um hreinsun fráveituvatns. Túlkun Umhverfisstofnunar á 8. tl. í reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem hefur í för með sér mengun, er að „það feli í sér að allar fráveitur frá þéttbýli séu háðar starfsleyfi þótt ekki sé búið að setja dælu- og hreinsibúnað við útrásir, sbr. orðalagið: Skólphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.“, (Bréf frá UST dags 19.6.2013). Ísafjarðarbær hefur starfsleyfi fyrir fráveitur sveitarfélagsins skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 789/1999. Öðrum sveitarfélögum hefur ítrekað verið bent á skyldur sínar. Nýja reglugerð um fráveitur og skólp er nú að finna í samráðsgátt. Starfsleyfi hafa verið veitt fyrir Ísafjarðarbæ fyrir fráveitur á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Ísafirði, og fyrir fráveitu Bolungarvíkurkaupstaðar. Súðavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólar, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa ekki sótt um starfsleyfi fyrir sínar fráveitur.

Tekin voru sýni úr viðtaka á árinu, bæði var sýnataka á forgangsefnum fyrir Umhverfisstofnun en einnig voru tekin sýni til að kanna örverumengun í Pollinum. 3 af 4 sýnum voru hrein en sýni sem tekið var yfir útrásarenda var mengað.

Eftirlit með neysluvatni er umfangsmesta matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Á skrá eru 10 vatnsveitur fyrir 20 – 3.000 íbúa og 22 einkavatnsveitur. Þessu til viðbótar eru fjölmargir þjónustuaðilar til sveita þar sem boðið er upp á vatn t.d. gisting, feðamannastaðir, tjaldstæði ofl. Heilbrigðiseftirlitið hefur lagt metnað í að fylgjast með eins og kostur er, að neysluvatn sé í lagi eða að lágmarki að gestir séu varaðir við með auglýsingu sem Heilbrigðiseftirlitið krefst að sé hengt upp þar sem neysluvatn hefur ekki staðist kröfur.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA
Aðalstræti 12, Pósthólf 10, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hev.f.is



Tilkynning til gesta

Við könnun á neysluvatni þann 24. júlí 2019 fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. Sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

f.h. heilbrigðisnefndar

Anton Helgason
heilbrigðisfulltrúi

Um eftirlit með matvælum fer samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Matvælaeftirlit felst í eftirliti með framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum til að tryggja heilnæm og ómenguð matvæli. Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau. Vakin er athygli á að neysluvatn flokkast sem matvæli og þarf því að lúta sömu lögmálum. Matvælalöggjöf Evrópusambandsins hefur nú verið innleidd. Reglugerð EB nr. 178/2002, oft nefnd hin almennu matvælalög EB, myndar þann grunn sem hin nýja matvælalöggjöf Evrópusambandsins byggir á. Markmið reglugerðarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á EES svæðinu. Sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril

matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram.

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið málefni, sem gjarnan er tengt matvælaöryggi, gerð fræðsluefnis og/eða breytingum á lögum eða reglugerðum. Verkefnið á árinu 2019 var um Listeríu í matvælum og upplýsingagjöf framleiðanda. Eitt mál kom upp er varðar innköllun á listeríusmituðum matvælum. Matvælahópur kom saman 2svar á árinu 2019 þ.e. 14. febrúar og 24. október. Einnig sátum við í vinnuhópi um eftirlit með smáframleiðslu til sveita, haldinn var einn fundur 14. janúar en ekki komst neinn botn í málið að þessu sinni. Ekki hefur verið boðaður annar fundur í vinnuhópnum.



Samantekt 2019 hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

- Á árinu 2019 voru tekin 350 sýni, af þeim voru 75 sem ekki stóðust kröfur.
- Þrjár vatnsveitur þéttbýlisstaða stóðust ekki kröfur þ.e. saurgerlar mældust í drykkjarvatni. Neysluvatn þéttbýlisstaða á að vera 100% í lagi, annað er ekki samþykkt hvorki af íbúum né samfélaginu. Því þarf að skerpa á innra eftirliti vatnsveitna og læra af þeim tilvikum sem upp koma.
- Neysluvatn í dreifbýli þ.e. ferðaþjónusta og kúabú. Nokkuð var um að vatnsveitur sem hafa áður staðist kröfur, féllu í ár. Í einhverjum tilvikum voru þurrkar ástæðan en einnig óvirk geislunartæki. Huga þarf að vatnsbólum og skoða hvort vatnsból séu vel lokuð þannig að smit frá yfirborðsvatni komist ekki í vatnsból. Eins þarf að huga vel að því hvort nægjanlegt neysluvatn sé til staðar. Þeir staðir sem stóðust ekki kröfur brugðust skjótt við með geislunartækjum.
- Niðurstöður sýnatöku og fréttatilkynningar varðandi leiðbeiningar um neysluvatn birtast nú jafnóðum á heimasíðu eftirlitsins.
- Baðstaðir í náttúrunni eru allmargir á okkar svæði en erfitt hefur verið að flokka þá eftir náttúrulega reglugerðinni, en nýlega bættist við nýr liður, svokallaðar afþreyingarlaugar sem mögulega einfalda þá flokkun.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur það að markmiði að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í ómenguðu umhverfi og matvælum. Heilbrigðiseftirlit þjónar almenningi og umhverfi.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða þakkar gott samstarf við sveitarfélögin, fyrirtæki og almenning og horfir björtum augum fram á veginn og til þeirra verkefna sem bíða okkar á komandi árum.

Bolungarvík í apríl 2020



Anton Helgason
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða



Hlynur Reynisson
Staðgengill frkv.stjóra
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða